

SAMGÖNGUR

FRÓÐLEIKUR

Mengun af völdum samgangna er eitt helsta umhverfisvandamálið í heiminum en talið er að samgöngur valdi um þriðjungi af heildarútlosun CO₂ loftmengunar. Umferð og bílaeign í Reykjavík hefur verið í örum vexti undanfarin ár. Árið 2002 var tala ökutækja í borginni rúmlega 73 þúsund, þar af voru um 66 þúsund fólksbílar, og er meðal-akstursvegalengd á höfuðborgarsvæðinu um 5,0 km í hverri ferð.

Sjálfbær þróun í samgöngum með ríka áherslu á vistvænar sameiginlegar samgöngulausnir eru óumflýjanlegar. Mikilvægt er að endurskoða samgöngur í lofti, á sjó og á landi og draga úr notkun jarðefnaeldneytis. Allir verða að taka þátt í endurskoðun og endurskipulagningu. Áhersla á umhverfisvænar samgöngulausnir er mikilvæg, breyting í átt að frekari rafvæðingu og notkun vistvænna orkugjafa á bílaflotann er hluti af lausninni.



RÆÐIÐ

- Hvað getum við gert sjálf til að minnka mengun?
- Hvað er gert í þínu bæjarfélagi til að auðvelda gangandi og hjólandi fólki að komast um?
- Hvað er hægt að gera til að minnka mengun frá farartækjum?
- Hve miklu eldsneyti eyða bílar og hvað kostar hver lítri af bensíni og olíu?
- Hvaða nýju orkugjafar eru til sem knýja bíla?
- Hvernig er hægt að ferðast milli staða á annan hátt en í einkabíl?

VERKEFNI

YNGSTA STIG

Heilsa, umhverfi og gleði – www.heimurinn.is

Hve langt er í skólann? – www.heimurinn.is

Hvernig koma nemendur í skólann? *Eining* 3 bls 2–4 og *Komdu og skoðaðu bílinn*, bls. 21.

MÍÐSTIG

Leiðin í skólann – könnun www.heimurinn.is

Akstur – www.heimurinn.is

Svifryk í umhverfinu. *Þemaheftið Blikur á lofti* bls. 21 og www.ust.is

Útbúa slagorð til að hvetja fólk til að ganga meira og hjóla.

UNGLINGASTIG

Einkabíllinn verkefni og vefleiðangur á www.heimurinn.is

Hvað er vistakstur? – <http://www.us.is/id/4883>

Gera stuttmynd um það hvernig við getum verið loftslagsvæn með því að ganga meira?

Hversu miklu þarf að planta af trjám til að kolefnisjafna einn bíl? www.kolvidur.is